



Leiðarvísir fyrir dúett

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	- 1 -
FORMÁLI	- 2 -
STILLINGAR Á DÚETT	- 2 -
DÚETT TENGDUR VIÐ BORÐSÍMANÚMER	- 3 -
Dúett tengdur í gegnum borðsíma	- 3 -
Dúett tengdur í gegnum tölvusíma	- 3 -
Dúett tengdur í gegnum vefaðgang.....	- 4 -
Dúett tengdur í gegnum mobile link app.....	- 5 -
ÝMIS VIRKNI DÚETTS	- 5 -
Símtal gefið áfram	- 5 -
Án kynningar.	- 5 -
Með kynningu.....	- 5 -
Viðmælanda náð til baka.....	- 6 -
Símtal fært á milli síma	- 6 -
Frá farsíma í borðsíma.....	- 6 -
Frá borðsíma í farsíma.....	- 6 -
Borðsímanúmer birt þegar hringt er úr farsíma	- 6 -
Kveikt og slökkt á dúetttengingu	- 6 -
Símtal veitt	- 7 -
Símtal veitt úr veiðihóp	- 7 -
Símtal veitt af ákveðnum síma	- 7 -
Dúett virkni tímastýrð	- 7 -

Formáli

Í þessum bæklingi er farið yfir virkni dúetts í Sí mavist. Í þessum bæklingi verður talað um númer í sírstöðinni sem borðsímánúmer. Þetta númer getur líka verið tölvusímánúmer eða númer án símtækis. Þegar dúett er virkur þá hringja saman borðsímánúmer og það númer sem er skráð sem dúett. Þó það sé algengast að þetta númer sé farsímánúmer þá getur það verið hvaða númer sem er, eins og heimasími, annað númer í sírstöðinni og jafnvel númer í útlöndum. Þegar dúett er virkur þá hringir dúettnúmerið alltaf með, óháð stöðu símans í sírstöðinni. Það þarf ekki einu sinni að vera sími tengdur sírstöðinni til að dúett virki. Það er orðið algengt að notendur séu bara með farsíma og noti dúett til að tengja númer úr sírstöðinni við farsímamann. Dúett virkni býður líka upp á möguleika eins og að framsenda númer. Með tengingu dúettgáttar aukast notkunarmöguleikar talsvert. Þá er t.d hægt að hringja úr farsíma í gegnum sírstöðina og birta borðsímánúmer sem úthringinúmer. Í þessum bæklingi er gert ráð fyrir að dúettgátt sé virk.

Allir notendur í símkerfinu fá aðgang að sínum síðum í kerfinu. Til að tengjast kerfinu þarf að vita notandanafn og lykilorð. Sé það ekki vitað, þarf að fá að uppgengið hjá kerfisstjóra. Notandanafn er símánúmer@simavist.is eða símánúmer@fyrirtæki.toip.siminn.is

Stillingar á dúett

Það eru stillingar sem þarf að framkvæma svo dúett virki sem best. Yfirleitt er búið að framkvæma þessar stillingar en það gott að fara yfir þær. Notandi hefur sjálfur aðgang til að framkvæma þessar stillingar. Kerfisstjóri getur líka framkvæmt þær.

Farðu inn á <https://simavist.siminn.is> í vefvafra. Sláðu inn notandanafn og lykilorð. Vinstra megin á síðunni, smelltu á **Stýring símtala**. Í miðdálkinum, smelltu á **Dúett símastýring**. Hakaðu í **Á**. Smelltu á **Í lagi** hnappinn.

Dúett tengdur við borðsímanúmer

Hægt er að tengja dúettnúmer við borðsímanúmer í gegnum borðsíma, tölvusíma, vefaðgang og mobile link app. Hægt er að tengja allt að 15 dúettnúmer við eitt borðsímanúmer. Hvert dúettnúmer getur hins vegar bara verið á einum borðsíma.

Dúett tengdur í gegnum borðsíma

Smelltu á valmyndarhnappinn eða **OK** hnappinn. Valið er **stýring símtala** og smelltu á **OK**. Veldu **Dúett**.

Notaðu örvahnappana til að velja þá línu sem dúettinn á að vera tengdur við. Ef það er bara ein lína á tækinu þá er hún sjálfvalin. Smelltu á **Velja** skjáhnappinn.

Smelltu á **Bæta við** skjáhnappinn.

Notaðu númerahnappana til að velja nafn á þessa dúett tengingu. Smelltu svo á örniður.


Notaðu númerahnappana til að velja það númer sem á að hringja með í dúett.

Smelltu á **Vista** skjáhnappinn.

Notaðu örvahnappana til að velja hvort þú viljir hafa dúettinn á eða af.

Smelltu á **Vista** skjáhnappinn.

Dúett tengdur í gegnum tölvusíma

Smelltu á valmyndarhnappinn  Veldu **Incoming calls** flipa. 

Virkjaðu **Broadworks anywhere** með því að smella á það

BroadWorks Anywhere 

Smelltu á **Add number**



Sláðu inn það símanúmer sem á að hringja með í dúett og hakaðu svo í boxið fyrir framan númerið.

Smelltu á + fyrir aftan númerið og hakaðu í **Call Control**



Með því að haka í **Call Control** þá virkjast möguleikar eins og að framsenda símtöl.

Don't Divert kemur í veg fyrir að símtalsflutningar virki í farsímanum þegar dúett er notað. Þá fer símtalið t.d ekki í talhólf farsímans.

Answer Confirmation gefur þann möguleika að notandi getur valið hvort hann vilji svara símtalinu eða ekki. Þetta getur t.d verið þægilegt því þá veit notandi að símtalið er að koma í gegnum dúett.

Dúett tengdur í gegnum vefaðgang

Farðu inn á <https://simavist.siminn.is> í vefvafra. Sláðu inn notendanafn og lykilorð. Vinstra megin á síðunni, smelltu á **Stýring símtala**. Smelltu á **Dúett** hægra megin á síðunni. Smelltu á **Bæta við** hnappinn. Sláðu inn símanúmer í símanúmersreitinn og lýsingu. Hakaðu í **Virkja þetta tæki** og **Nota símastýringu Símvistar**.

* Símanúmer:

Lýsing:

Virkja þetta tæki (Enable this Location)

Nánari valkostir (Advanced Options)

Útfarandi aukanúmer (Outbound Alternate Phone Number):

Virkja hindrun á flutningi (Enable Diversion Inhibitor)

Krafa um staðfestingu á svörun (Require Answer Confirmation)


Nota símastýringu Símvistar (Use BroadWorks-based Call Control Services)

Virkja hindrun á flutningi kemur í veg fyrir að símtalsflutningar virki í farsímanum þegar dúett er notað. Þá fer símtalið t.d ekki í talhólf farsímans.

Krafa um staðfestingu á svörun gefur þann möguleika að notandi getur valið hvort hann vilji svara símtalinu eða ekki. Þetta getur t.d verið þægilegt því þá veit notandi að símtalið er að koma í gegnum dúett.

Dúett tengdur í gegnum mobile link app

Smelltu á **Settings** flipann. Smelltu á **Call Control**. Smelltu á **Broadwork Anywhere**. Smelltu á **+** og sláðu svo inn símanúmerið og smellu á **OK** hnappinn. Settu lýsingu í **Description**. Smelltu á **Off** hnappinn til að breyta honum í **On** og hakaðu í **Call control**



Diversion inhibitor kemur í veg fyrir að símtalsflutningar virki í farsímanum þegar dúett er notað. Þá fer símtalið t.d ekki í talhólf farsímans.

Answer confirmation gefur þann möguleika að notandi getur valið hvort hann vilji svara símtalinu eða ekki. Þetta getur t.d verið þægilegt því þá veit notandi að símtalið er að koma í gegnum dúett.

Frekari upplýsingar um mobile link er að finna í leiðarvísi um mobile link á slóðinni: <https://www.siminn.is/adstod/simkerfi/simavist/>

Ýmis virkni dúetts

Símtal gefið áfram

Þegar símtal kemur í gegnum dúett í farsíma, þá er hægt að gefa símtalið áfram á annan síma.

Án kynningar.

Veldu # # á farsímanum. Núna er símtalið sett í geymslu og sá sem hringdi inn heyrir tónlist. Sónn úr símstöðinni heyrir í farsímanum. Sláðu inn númerið sem senda á í. Bíddu eftir að heyra hringingu og legðu svo á. Símtalið hefur verið sent.

Með kynningu.

Veldu # # á farsímanum. Núna er símtalið sett í geymslu og sá sem hringdi inn heyrir tónlist. Sónn úr símstöðinni heyrir í farsímanum. Sláðu inn númerið sem senda á í. Bíddu eftir að símtalinu sé svarað. Kynntu símtalið og legðu svo á. Símtalið hefur verið sent.

Viðmælanda náð til baka.

Stundum þarftu að hringja í einhvern annan til að fá t.d svar við spurningu. Þú getur þá sett þann sem hringdi inn í geymslu meðan þú talar við einhvern annan.

Veldu # # á farsímanum. Núna er símtalið sett í geymslu og sá sem hringdi inn heyrir tónlist. Sónn úr símstöðinni heyrst í farsímanum. Sláðu inn númerið hjá þeim aðila sem þú ætlar að tala við. Eftir að símtalið er klárað, veldu þá aftur # # til að ná þeim sem hringdi inn aftur til baka. Passaðu þig á að leggja ekki á, þá sendir þú símtalið.

Símtal fært á milli síma

Með dúett tengingu er hægt að færa símtal milli farsíma og borðsíma án þess að innhringjandi taki eftir því.

Frá farsíma í borðsíma

Til að færa símtal frá farsíma í borðsíma þá er lyft af í borðsímanum, slegið inn *35# og símtalið fer yfir í borðsímann. Til að halda áfram með símtalið í borðsíma er lagt á í farsímanum.

Frá borðsíma í farsíma

Í farsímanum, sláðu inn dúettgáttarnúmerið. Þegar símstöðin kemur með són, sláðu inn *35#. Nú fer símtalið yfir í farsímann. Til að halda áfram með símtalið í farsíma er lagt á í borðsímanum.

Borðsímanúmer birt þegar hringt er úr farsíma

Með dúettgáttinni er hægt að hringja úr farsímanum og birta borðsímanúmer eins og hringt sé úr borðsímanum. Sláðu inn dúettgáttarnúmerið. Þegar símstöðin kemur með són, hringdu í númerið. Símtalið fer núna í gegnum símstöðina og borðsímanúmer birtist.

Kveikt og slökkt á dúetttengingu

Hringdu í dúettgáttarnúmerið og bíddu eftir són frá símstöðinni. Til að virkja dúetttengingu er slegið inn *28#. Til að afvirkja dúetttengingu er slegið inn #28#.

Símtal veitt

Símtal veitt úr veiðihóp

Ef borðsími er í veiðihóp með öðrum sínum þá er hægt að veiða upp aðra síma. Hringdu í dúettgáttarnúmerið og bíddu eftir sön úr símstöðinni. Sláðu inn *12#. Núna færðu símtalið sem þú veiddir í farsímann.

Símtal veitt af ákveðnum síma

Hægt er að veiða símtal af ákveðnum síma. Hringdu í dúettgáttarnúmerið og bíddu eftir sön úr símstöðinni. Sláðu inn *11 [símanúmer] #. Núna færðu símtalið sem þú veiddir í farsímann.

Dúett virkni tímastýrð


Hægt er að setja tímastýringu á dúett virkni. Það er hægt að hafa dúett virkan á vinnutíma en óvirkan utan vinnutíma. Notandi getur sjálfur búið til þessa tímavirkni, eða beðið kerfisstjóra að gera það.

Farðu inn á <https://simavist.siminn.is> í vefvafra. Sláðu inn notendanafn og lykilorð.

Fyrst þarf að búa til tímatöflu fyrir virknina

Í miðju dálki, smelltu á **Tímplan**. Smelltu á **Bæta við** hnappinn. Settu nafn á tímaplanið, t.d borðsímanúmer. Veldu **Tími**. Smelltu á **Í lagi** hnappinn. Finndu tímaplanið þitt í listanum sem kemur núna upp og smelltu á það. Þú sérð nafn tímaplansins og þá veistu að þú ert með rétt plan. Núna þarf að setja þá daga og tíma inn sem dúett á að vera virkur.

Smelltu á **Bæta við** hnappinn. Settu nafn á viðburðinn, eins og t.d. Vinnutími. Veldu upphafsdagsetningu, þessi dagsetning segir bara hvenær þetta tímplan á að verða virkt, ekkert annað. Þú getur því valið dagsetningu sem er þegar liðin, þá verður planið virkt strax. Veldu upphafs- og lokatíma. Þetta er þá tíminn sem dúett virkni á að vera virk. Ef vinnutími er 8:00 til 16:00 þá setur þú 08:00 í upphafstíma og 16:00 í lokatíma. Veldu núna **Vikulega** í tegund endurtekningar og hakaðu í alla virka daga. Í fjölda endurtekninga, veldu **Aldrei**. Smelltu á **Í lagi** hnappinn.



Nafn tímplans: 3339988
 * Nafn viðburðar: Vinnutími

Upplýsingar um viðburð

Tímasetning:
 * Upphafsdagsetning: 04-11-2016 (dd-mm-yyyy) * Upphafstími: 08:00 Allan daginn
 * Lokadagsetning: 04-11-2016 (dd-mm-yyyy) * Lokatími: 16:00
 Lengd (Duration): 8 hours

Tegund endurtekningar:
 Endurtaka: Vikulega
 : 1 hverja viku þann: Sunnudagur Mánudagur Þriðjudagur Miðvikudagur Fimmtudagur Fostudagur Laugardagur

Fjöldi endurtekninga:
 Upphafsdagsetning: 04-11-2016 Note: Start Date is always equal to Event Time Start Date value
 Enda: Aldrei Eftir endurtekningar
 Dagsetning 04-11-2016 (dd-mm-yyyy)

Í vinstri dálki, smelltu á **Stýring símtala**. Í hægri dálki, smelltu á **Dúett**. Smelltu á þann dúett sem þú vilt setja tímastýringu á. Veldu flipann **Valskilyrði**. Smelltu á **Bæta við** hnappinn. Settu inn lýsingu, t.d virkir dagar. Í **Valin tímatafla** veldu tímatöfluna sem þú varst að búa til. Smelltu á **Í lagi** hnappinn.

Símanúmer: 8600088

* Lýsing:

Nota Dúett
 Ekki nota Dúett

Valin tímatafla:

Valin frídagatafla:

Ef tímatafla með réttum tíma er þegar til í kerfinu þá getur þú notað hana fyrir tímastýringu og þarft þá ekki að búa til þína eigin. Hins vegar gæti sú tafla breyst, svo mælt er með því að búa til sína eigin töflu.